



Reykjavíkurborg
Íþróttá- og tólmstundasvið

Reykjavík, 10. desember 2021
2020110017
3.5.0

Borgarráð


Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Tennishús í Laugardal - tilv. R20110238

Á fundi borgarráðs 19. nóvember 2020 var samþykkt eftirfarandi tillaga borgarstjóra:

Lagt er til að skipaður verði starfshópur um yfirferð á fyrirliggjandi þarfagreiningu vegna tennishúss í Laugardal með fulltrúum Íþróttabandalags Reykjavíkur, Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur og tennisfélögum.

Hjálagt fylgja tillögur starfshóps um Tennishús í Laugardal


Ómar Einarsson.

Reykjavík, 2. júní 2021
2020110017

Borgarstjórinn í Reykjavík
Dagur B. Eggertsson

Skýrsla starfshóps um tennishús í Laugardal – tilv. R20110238

Í erindisbréfi starfshóps um tennishús í Laugardal segir um hlutverk hópsins:

„Hlutverk starfshópsins er að fara yfir fyrirbyggjandi þarfagreiningu vegna tennishúss í Laugardal með fulltrúum Íþróttabandalags Reykjavíkur, Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur og tennisfélögum og skila uppfærðri þarfagreiningu ásamt kostnaðarmetnum tillögum um uppbyggingu tennishúss“

Frá því að skýrsla um framtíðarsýn tennisíþróttarinnar var gerð í lok árs 2013, hefur þörfin fyrir betri aðstöðu í Reykjavík aukist enn frekar. Reykjavíkurborg er í dag að leigja aðstöðu fyrir Reykjavíkurfélögin þrjú í Tennishöllinni í Kópavogi fyrir tæpar 16 milljónir á ári. Í skýrslunni frá 2013 voru lagðar fram nokkrar tillögur meðal annars að byggja tennishús í Laugardal ásamt endurgerð valla á svæði Víkings, byggingu fjögurra valla við Egilshöll og snúa og fjölga völlum á svæði Þróttar í Laugardal.

Lokið er framkvæmdum við endurgerð tveggja valla á svæði Víkings.

Lagt er áfram til að byggja tennishús á lóð TBR í Laugardal og eru meðfylgjandi teikningar að nýju húsi upp á 2.500 m² ásamt 900 m² viðbyggingu á tveimur hæðum ásamt kjallara frá núverandi tengibyggingu milli húss 1 og 2 yfir í fyrirhugað tennishús 3. Í kjallara viðbyggingar er búningsherbergi, sérklefi, gufuböð, snyrtingar, mótaherbergi ásamt geymslum fyrir badminton, borðtennis og tennis. Á 1. hæð er aðalinngangur, afgreiðsla með verslun, lager, skógeymsla og kaffi-/setuaðstaða. Á 2. hæð er gert ráð fyrir félagsaðstöðu, eldhúsi og skrifstofum. Frumkostnaðaráætlun fyrir 2.500 m² tennishús ásamt 900 m² viðbyggingu er 985.320.000 (sjá fylgiskjal)


Einnig er lagt til að í stað þess að endurgera tennisvelli á svæði Þróttar, að byggja 4 tennisvelli á núverandi grasæfingarsvæði sem Þróttur hefur aðstöðu á en mun skila þegar byggðir hafa verið tveir nýjrir gervigrasvelli í Laugardal.

Vinna starfshópsins

Eftirfarandi voru í hópnum:
Steinþór Einarsson ÍTR, formaður
Frímenn Ari Ferdinandsson ÍBR
Sigfús Ægir Árnason TBR

Starfshópurinn hélt 6 fundi á tímabilinu. Þar af kom arkitekt verkefnisins á tvo fundi og síðasti fundurinn var haldinn með fulltrúum tennisfélaganna í Reykjavík, Þróttar, Fjölnis og Víkings ásamt formanni TBR.

F.h. starfshópsins,


Steinþór Einarsson ÍTR, formaður

Fsk.
Erindisbréf
Frumkostnaðaráætlun
Afstöðumynd
Grunnteikning

ERINDISBRÉF**Starfshópur um tennishús í Laugardal****Ábyrgðarmaður:**

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Á fundi borgarráðs 3. september 2020 var samþykkt að forgangsröðun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja, sem fram kemur í skilabréfi stýrihóps um stefnu í íþróttamálum, verði höfð til hliðsjónar við undirbúning 10 ára fjárfestingaráætlunar Reykjavíkurborgar. Tennishús í Laugardal var eitt þeirra verkefna sem raðaðist ofarlega í forgangsröðinni.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að fara yfir fyrirbyggjandi þarfagreiningu vegna tennishúss í Laugardal með fulltrúum Íþróttabandalags Reykjavíkur, Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur og tennisfélögum og skila uppfærðri þarfagreiningu ásamt kostnaðarmetnum tillögum um uppbyggingu tennishúss.

Starfshópurinn skipa:

Steinþór Einarsson íþrótt- og tómstundasviði, Frímenn Ari Ferdinandsson fulltrúi Íþróttabandalags Reykjavíkur og Sigfús Ægir Árnason fulltrúi Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur. Fulltrúar tennisdeilda verða boðaðir á fundi eftir þörfum

Starfsmaður:

Starfsmaður Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðuna fyrir lok maí 2021.

Reykjavík, 12. febrúar 2020



Dagur B. Eggertsson



VA ARKITEKTAR

Steinþór Einarsson
Skrifstofustjóri rekstrar og þjónustu
Íþróttá- og tómstundasvið Reykjavíkur

Reykjavík 20.04.2021

Frumkostnaðaráætlun tennishúss og tengibyggingar

Tennishús, 2.500 m²:

Gert er ráð fyrir að tennishúsið verði í stórum dráttum eins og núverandi stærra hús á lóðinni og með 4 tennisvöllum. Verður það niðurgrafið um ca. 3 metra og gólf þess í sömu hæð og gólf núverandi húss. Undirstöður verði steiptar á staðnum sem og rampur að vestanverðu. Burðarvirki í göflum og þaki verði úr límtré og klædd einangruðum stálsamlökueiningum. Skábraut við norðvestan hornið mun auka notagildi húsana t.d. til sýningahalds og funda.

Tengibygging, 900 m²:

Gert er ráð fyrir nýrri viðbyggingu, á tveimur hæðum auk kjallara, frá núverandi tengibyggingu milli húss 1 og 2 yfir í fyrirhugaða tennishúsið 3. Núverandi kvennasalarni í tengibyggingu falla niður en þar koma í staðinn snyrting fyrir fatlaða með sturtu og gangur yfir í nýja tengiganginn. Kjallari steinsteyptur en 1 og 2 hæð úr stálgrind. Kvennasalarni verða færð yfir í nýju tengibygginguna en þar verða auk þess æfingasalur og geymsla.

Kjallari

Búningsherbergi, einkaklefar, gufuböð, snyrtingar, mótaherbergi, geymslur fyrir badminton, borðtennis og tennis.

1. Hæð

Aðalinngangur, afgreiðsla með verslun, lager, skógeymsla og kaffi- /setuaðstaða

2. Hæð

Félagsaðstaða, eldhús, skrifstofur

Á lóð er gert ráð fyrir um 94 bílastæðum þar af 3 fyrir fatlaða.



VA ARKITEKTAR

Frumkostnaðaráætlun:

1. Aðstaða og rekstur vinnusvæðis	16.700.000
2. Gröftur og fylling	24.500.000
3. Frárennsli	21.600.000
4. Steypuvirki	182.500.000
5. Límtrésburðarvirki, útveggir og þak	276.000.000
6. Raflagnir og lýsing	21.800.000
7. Vatn og hiti	20.800.000
8. Loftræsikerfi	107.250.000
9. Tennisgólf	62.000.000
10. Tengibygging	98.150.000
11. Aðlögun að núv. byggingum	26.760.000
12. Lóðarfrágangur	44.600.000
13. Ófyrirséð	82.660.000

Samtals verktakakostnaður kr.: 985.320.000

Samantekt fermetra:

Tennishús	2.500 m ²
Tengibygging	900 m ²
Samtals:	<u>3.400 m²</u>

Kostnaður á fermetur u.þ.b. Kr. 289.800 -

ATH. Um er að ræða framkvæmdarkostnað.

Undanskilið í kostnaðaráætlun: Nauðsynleg breyting á deiliskipulagi, færsla á holræsi, hönnunarkostnaður, opinber gjöld og eftirlit.

Gögn:

- Frumkostnaðaráætlun þessi
- Grunnmynd og snið – mkv. 1:250
- Mynd á bls 3 sem sýnir núverandi holræsislögn á lóð sem liggur á fyrirhuguðum byggingareit.


f.h.

VA arkitektar ehf.

Karl Magnús Karlsson arkitekt faí



VA ARKITEKTAR



Mynd sem sýnir núverandi holræsi á lóðinni

